

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 297 20. júlí 1976.

*Samgönguráðuneytið, 21. febrúar 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

21. febrúar 1977.

Nr. 124.

## R E G L U G E R Ð

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269 11. júní 1975.

### 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

#### Lestagjöld.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmlest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmlest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskáða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

#### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggar bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 620.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

### 3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 2 300.00 fyrir hvert skip, auk kr. 5.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 500.00 í hafnsögusjóð.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159 29. apríl 1976.

*Samgönguráðuneytið, 21. febrúar 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## R E G L U G E R Ð

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð landshafnarinnar í Rifi  
á Snæfellsnesi, nr. 195 25. apríl 1975.

## 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmlest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmlest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmlest, bó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmlest, bó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

## 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggar bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.